

Starfsumhverfi skipulagsfulltrúa í 69 sveitarfélögum

Unnið fyrir Skipulagsstofnun

RFK -ráðgjöf, höfundur Ragnar Frank Kristjánsson, landslagsarkitekt FÍLA.

Desember 2021 ragnarkristjansson@gmail.com

Í samstarfi við Skipulagsstofnun og samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga var ákveðið að kanna starfsumhverfi skipulagsfulltrúa í öllum sveitarfélögum landsins. Send var út könnun í byrjun nóvember 2021 til allra starfandi skipulagsfulltrúa. Óskað var eftir svörum við 10 spurningum, sem hægt var að svara á einfaldan hátt. Svör bárust frá 28 skipulagsfulltrúum sem vinna fyrir 49 sveitarfélög, en í þeim búa um 280.000 manns, sem gera 76% íbúa landsins.

Tuttugu sveitarfélög (skipulagsfulltrúar) sáu sér ekki fært um að taka þátt í könnuninni. En þau eru samt sem áður með í könnuninni, því nokkuð auðvelt var að fá svör við 9 af 10 spurningum með því að skoða fundargerðir skipulagsnefnda sl. 10 ár.

Starfsumhverfi skipulagsfulltrúa hjá sveitarfélögum er ólík, bæði hvað varðar íbúafjölda, umfang aðal- og deiliskipulagsmála, fjölda orlofshúsa og landfræðileg stærð. Hvort skipulagsfulltrúi starfi einn eða er í teymi tæknimanna og hvort byggingarfulltrúi gegni einnig stöðu skipulagsfulltrúa.

Áhugi minn að verkefninu er reynsla mín sem sveitarstjórnarfulltrúi og síðar sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála. Ég var vitni að miklu áreiti og álagi hjá skipulags- og byggingarfulltrúum, sem leiddu af sér tíðar mannabreytingar, en við það tapast reynsla, þekking og fjármunir.

Tölvupóstur var sendur út til allra skipulagsfulltrúa í byrjun nóvember 2021.

Efni; Könnun á starfsumhverfi skipulagsfulltrúa hjá sveitarfélögum.

Undirritaður í samvinnu við Skipulagsstofnun og Samband Íslenskra Sveitarfélaga kannar starfsumhverfi skipulagsfulltrúa sveitarfélaga.

Starf skipulagsfulltrúa felur oft í sér mikið álag og áreiti, er því talin ástæða að kanna stöð þeirra. Leitast verður að fá svör frá skipulagsfulltrúum m.a. um:

1. Menntun?.

Verkfræði, tæknifræðingur, skipulagsfræðingur, arkitekt/landslagsarkitekt, annað.

2. Starfsaldur? (hvernær hóf störf).

Mánuður og ártal.

3. Fjöldi skipulagsfulltrúa hjá sveitarfélaginu sl. 10 ár? veit ekki

4. Þjónusta við fleira en eitt sveitarfélag?

Nei Já Fjöldi sveitarfélaga

5. Skrifstofa tæknisviðs. Vinnur skipulagsfulltrúi einn eða í teymi annara tæknimanna?

Í Teymi. Vinnur einn.

6. Byggingarfulltrúi sinnir einnig starfi skipulagsfulltrúa?

Já Nei

7. Önnur verkefni. Sinnir skipulagsfulltrúi öðrum verkefnum en skipulagsmálum?

Já Nei

8. Starfsvettvangur. Hyggst fulltrúi breyta um starf á næstu 12 mánuðum.

Nei. Já. Óska ekki að svara

9. Verktaki? Vinnur skipulagsfulltrúi hjá verkfræðistofu/ arkitektastofu.

Já Nei.

10. Samstarf sveitarfélaga. Um stöðu skipulagsfulltrúa? (byggðasamlag).


Nei Já. Hve mörg sveitarfélög?

Engar persónulegar upplýsingar verða tilgreindar í könnuninni og farið verður eftir lögum um persónuvernd.

Könnun fer fram í nóvember og stefnt er að skila skýrslu til Skipulagsstofnunar í lok mánaðarins. Einfalt verður að svara könnuninni, sem hægt verður að gera með tölvupósti eða símtali.

1. Menntun.

Verkfræði, tæknifræðingur, skipulagsfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt, annað.




1. Í 25 sveitarfélögum starfa skipulagsfræðingar sem skipulagsfulltrúar.
2. Í 16 sveitarfélögum starfa verkfræðingar sem skipulagsfulltrúar.
3. Í 14 sveitarfélögum starfa tæknifræðingar sem skipulagsfulltrúar.
4. Í 7 sveitarfélögum starfa arkitektar sem skipulagsfulltrúar.
5. Í 7 sveitarfélögum starfa landslagsarkitektar sem skipulagsfulltrúar.

Skipulagsfræðingar eru samt sem áður ekki nema ellefu, því sumir þeirra sinna þjónustu fyrir 4-6 sveitarfélög. Verkfræðingar eru sex og tæknifræðingar eru sjö. Sjö arkitektar starfa hjá sveitarfélögum og 4 landslagsarkitektar.

2. Starfsaldur (hvernær hóf störf). Mánuður og ártal.

Skipulagsfulltrúar gáfu upplýsingar um hvenær þeir hófu störf, ártal og mánuð. Ekki höfðu allir skipulagsfulltrúar vitneskju um hve margir fulltrúar höfðu starfað hjá sveitarfélaginu áður en þeir hófu störf. Í þeim tuttugu sveitarfélögum sem ekki bárust svör frá, voru fundargerðir skipulagsnefnda sveitarfélaga rýndar á tímabilinu 2011-2021. Ekki var kannað hvort starfsmaður hefði unnið hjá sama sveitarfélaginu í meira en tíu ár.

3. Fjöldi skipulagsfulltrúa hjá sveitarfélaginu sl. 10 ár?



Fjöldi sveitarfélaga


Upplýsingarnar gefa ágæta mynd af hve oft sveitarfélögin ráða nýja skipulagsfulltrúa. Súluritið sýnir að í 10 sveitarfélögum hefur verið sami skipulagsfulltrúi sl. 10 ár, sem er óska staða hjá svo reynsla og þekking skapist hjá sveitarfélaginu.

Í 25 sveitarfélögum hafa þrjár skipulagsfulltrúar starfað hjá sveitarfélaginu, það þýðir að þriðja hvert ár er ráðinn nýr skipulagsfulltrúi.

Í 5 sveitarfélögum er skipt um skipulagsfulltrúa á um tveggja ára fresti.

Hjá 40 af 69 sveitarfélögum hættir skipulagsfulltrúinn eftir 1-3 ár og er það mjög hátt hlutfall.

4. Þjónusta við fleira en eitt sveitarfélag?



Þrjátíu og fimm skipulagsfulltrúa starfa fyrir jafn mörg sveitarfélög. Tíu skipulagsfulltrúar vinna fyrir 34 sveitarfélög. Hópur skipulagsfulltrúa á landsbyggðinni vinna fyrir nokkur sveitarfélög.


1 skipulagsfulltrúi vinnur fyrir	6 sveitarfélög
1 skipulagsfulltrúi vinnur fyrir	5 sveitarfélög
3 skipulagsfulltrúar vinna fyrir	4 sveitarfélög
4 skipulagsfulltrúar vinna fyrir	2 sveitarfélög
35 skipulagsfulltrúar vinna fyrir	1 sveitarfélag

6. **Byggingarfulltrúi** sinnir einnig starfi skipulagsfulltrúa.



Um 30 sveitarfélög eru með starfsmenn sem sinna bæði byggingar- og skipulagsmálum, þetta fyrirkomulag er hjá mörgum fámennum sveitarfélögum um land allt.

7. **Önnur verkefni.** Sinnir skipulagsfulltrúi öðrum verkefnum en skipulagsmálum?



Skipulagsfulltrúar 62 sveitarfélaga vinna önnur verkefni en “hreinræktuð” skipulagsverkefni. Þrjátíu gegna einnig starfi byggingarfulltrúa. Ekki var spurt um hvaða önnur verkefni þeir sinna, en nokkrir skipulagsfulltrúar nefndu starf sviðstjóra, lóðarblöð, landaskipti, framkvæmdarleyfi og umsjón með framkvæmdum hjá sveitarfélaginu.

8. Starfsvettvangur. Hyggst fulltrúi breyta um starf á næstu 12 mánuðum.



Spurt var um hvort skipulagsfulltrúi hyggðist breyta um starfsvettvang á næstu 12 mánuðum. Fyrirspurnin var erfið fyrir skipulagsfulltrúa og gerði höfundur sér grein fyrir að ekki myndu allir svara. Af þeim sem svöruðu er meirihluti sem hyggst halda starfinu áfram.

Á árunum 2020 og 2021 voru tíðar mannabreytingar en á tímabilinu skiptu 29 sveitarfélög um skipulagsfulltrúa, samtals 17 fulltrúar. Það eru því 42% sveitarfélaga sem hafa fengið nýja skipulagsfulltrúa. Starfsmenn sem hyggjast skipta um starfsvettvang eða hafa ekki gert upp hug sinn eru tæp 25%.

9. **Verktaki.** Vinnur skipulagsfulltrúi hjá verkfræðistofu/ arkitektastofu.



62 sveitarfélög ráða skipulagsfulltrúa í fullt starf eða hlutastarf. Í sjö sveitarfélögum hafa sveitarfélögin gert samstarfssamninga við þrjú verktaka til að sinna skipulagsmálum, þrjú sveitarfélög á Vestfjörðum og fjögur á Norðausturlandi. Nokkur sveitarfélög gera tímabundna samninga við verktaka þegar verið er að ganga frá ráðningu nýrra starfsmanna. Þar sem svör bárust ekki frá 20 sveitarfélögum um ráðningarform var leitað upplýsinga inn á heimasíðum sveitarfélaganna.

10. **Samstarf sveitarfélaga.** Um stöðu skipulagsfulltrúa? (byggðasamlag).



Um 33% sveitarfélaga er með samstarf um ráðningu skipulagsfulltrúa. Ekki er vitað hvort um er að ræða byggðasamlag eða þjónustusamningar.

Kynjahlutfall.



Í sveitarfélögunum 69 starfa 45 skipulagsfulltrúar, tíu konur og 35 karlar.

Konur eru 22% starfsmanna og 78% karlar þegar öll sveitarfélög eru tekin saman. Ef skoðað er kynjahlutfall meðal skipulagsfræðinga þá er það jafnara 45% konur og 55% karlar.

Samantekt.

Af 69 sveitarfélögum eru ellefu með fleiri 5000 íbúa og í 36 sveitarfélögum eru færri en 1000 íbúar, sem er meira en helmingur sveitarfélaga landsins.

Í 30 sveitarfélögum er sama aðilinn sem sinnir starfi byggingar- og skipulagsfulltrúa. Með auknum kröfum sem koma fram í lögum og reglugerðum um skipulags- og byggingarmál þá eru líkur á að sérhæfing embættismanna muni aukast, margt bendir því til að sífellt verði erfiðar fyrir sveitarfélögin að hafa sama aðila sem byggingar- og skipulagsfulltrúa. Í 35 sveitarfélögum er einn tæknimenntaður starfsmaður.

Gera má ráð fyrir að það taki meira en tvö ár að komast vel inn í stjórnsýslu skipulagsmála og kynnast landfræðilegum aðstæðum, það er kostnaðarsamt fyrir sveitarfélögin að skipta oft um skipulagsfulltrúa. Mörg flókin skipulagsmál taka mörg ár og því geta viðskiptavinir orðið fyrir töfum á afgreiðslu erinda sinna.

Þekkt er að ungt og reynslulítið fólk fái skipulagsfulltrúastarf hjá fámennum sveitarfélögum og flytji sig svo til fjölmennari sveitarfélög þegar búið er að afla starfsreynslu í 2-3 ár.

Hlutverk Skipulagsstofnunar er m.a. að leiðbeina skipulagsfulltrúum, það er því augljóst að álag á starfsmenn stofnunarinnar er mikið vegna tíðra mannabreytingar hjá sveitarfélögum og þar sem fulltrúar starfa einir.

Ástæða er að kanna betur hvers vegna skipulagsfulltrúar hætta störfum eftir örfá ár í starfi. Hvort fjölmenn sveitarfélög haldi betur í skipulagsfulltrúa væri fróðlegt að skoða nánar. Einnig væri áhugavert að greina nánar samstarf sveitarfélaga t.d. í uppsveitum Árnassýslu, en þar eru 6 fámenn sveitarfélög með sameiginlega tækniþjónustu.

Ekki var hægt í þessari könnun að leita upplýsinga um orsakir á tíðum mannabreytingum í embætti skipulagsfulltrúa. Það myndi krefjast ítarlegri rannsókna s.s. með því að ræða við fyrrverandi skipulagsfulltrúa hvers vegna þeir hafi hætt störfum.

Það er von mín að könnunin veiti haldgóðar upplýsingar um stöðu skipulagsfulltrúa 2021. Auðvelt mun verða að endurtaka sambærilega könnunina að 5 árum liðnum ef áhugi verður til staðar.

Ragnar Frank Kristjánsson, landslagsarkitekt, RFK-umhverfis- og skipulagsráðgjöf.

Hvanneyri, desember 2021.